



Eitt verka Einars Sveinssonar.

Klassíkin og notagildið

Arkitektúr Einars Sveinssonar á Kjarvalsstöðum

Það er sannarlega vel við hæfi að Listasafn Reykjavíkur efni til stórrar yfirlitssýningar á byggingalist Einars Sveinssonar, því sennilega hefur enginn einstaklingur lagt jafn mikið fram við að móta ásýnd Reykjavíkur. Einar kom heim frá Þýskalandi úr námi í arkitektúr árið 1932 og var ráðinn fyrsti húsameistari Reykjavíkur tveimur árum seinna og gegndi því starfi í tæpa fjóra áratugi, eða allt til dauðadags árið 1973. Á þeim tíma teiknaði hann, og vann að í samstarfi við aðra, byggingar sem löngu eru orðnar svo rótgrónir þættir í borgarlandinu að nútímaborgaranum reynist erfitt að myndu sér borgina án þeirra. Þar

stærðfræðilegar og þjóna grundvallarhlutverki hvað varðar birtu, burð hússins og legu þess. Sem dæmi má nefna brúna að Heilsuverndarstöðinni og gluggana í Breiðdagerðis- og Laugalækjarskólum.

Togstreita notagildis og klassískra lausna

Leiða má getum að því að Einar Sveinsson hafi fylgst afar náð með hræringum samtíma síns í húsagerðarlist og verið opinn fyrir nýjungum. Á árunum fyrst eftir heimkomuna teiknaði hann hús í nánast hreinum fúnkstíl eins og Freyjugötu 43 og Lindargötu 3. Á fimmta áratugnum koma klassískar áherslur bogformanna fram í fjölbýlishúsum í Lönguhlíð og við Hringbraut og í Melaskóla sem á sínum tíma var talinn fegursta bygging bæjarins og þjónaði sem móttökusalur borgaryfirvalda á tímabili. Einfaldleikinn hélt aftur innreið sína í fjölbýlishúsi við Kleppsveg á sjötta áratugnum en á sama tíma var Heilsuverndarstöðin í byggingu, en hún hlýtur að teljast með persónulegri verkum Einars, þar sem saman fara klassískar áherslur og áhersla á notagildið. Á seinni hluta sjötta áratugarins og þeim sjöunda kemur burðarþolsfræðin sterkelega inn í fornanir Einars og e.t.v. er þar að finna hápunktinn á ferli hans þar sem stærðfræðingurinn og listamaðurinn sameinast við úrlausn verkefna á borð við Sundlaugarnar í Laugardal og Höggmyndasafn Ásmundar Sveinssonar sem Einar hafði náð samstarf við í gegnum tíðina.

Hluti utanveltu

Sýning þessi á verkum Einars Sveinssonar er sett upp í miðrými Kjarvalsstaða og í gluggarými vesturálmú og að hluta við kaffistofu. Birtu nýtur ágætlega í þessum rýmum, nema helst við kaffistofuna þar sem hluti sýningarinnar er eins og hálfutanveltu. Líkón af Heilsuverndarstöðinni og fleiri byggingum setja mikinn svip á sýninguna og gera hana vel heimsóknar virði.

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

á meðal má nefna Borgarspítalann, Heilsuverndarstöðina, Laugarnesskóla, Melaskóla og fyrstu blokkirnar hér á landi á Melunum, við Lönguhlíð, Skúlagötu og víðar.

Form á grundvelli burðarþols og birtu

Einar nam arkitektúr í Darmstadt á þeim árum sem notagildisstefnan, fúnksjónalisminn, var í hámarki. Þó mun hafa verið lögð megináhersla á hin klassísku lögmál byggingalistarinnar í Darmstadt og alla tíð toguðust þessi sjónarmið á í byggingum Einars, notagildishönnun út frá birtuskilyrðum og burði og klassísk sveigð form, framsækin viðhorf og hefðbundin. Einar var sérmenntaður í byggingartækni og reiknaði jafnan sjálfur út burðarþol bygginga sinna. Í þeirri staðreynd liggur e.t.v. lykillinn að sérstæðu úliti margra bygginga Einars, líkt og Pétur Ármannsson bendir á í gagnmerkri úttekt í sýningarskrá, því á grundvelli burðarþolsins formuðust oft óvæntar lausnir sem á ytra borði virðast fyrst og fremst fagurfræðilegar en eru í raun

Leirljós og leirmál

– tvær leirlistarsýningar í Stöðlakoti og Úmbru

Það virðist vera mikil gróska í leirlistinni um þessar mundir ef marka má þann fjölda leirlistarsýninga sem hefur verið á árinu. Í kjölfar mistækra yfirlitssýningar á Kjarvalsstöðum á liðnum vetri, er átti að sýna í senn sögu leirlistar á Íslandi og þverskurð af því sem er að gerast, hafa verið opnaðar fjöldamargar litlar og persónulegar einkasýningar á leirlist. Flestar hafa leirlistarsýningarnar verið í gamla miðbænum, í Stöðlakoti og Gallerí Úmbru, og verður hér fjallað um sýningar þeirra Helgu Jóhannesdóttur og Láru K. Samúelsdóttur sem standa nú yfir í þessum tveimur sýningarsölum.

Töfralampar og kastalar

Helga Jóhannesdóttir sýnir þrettán verk, unnið í ljósan steinleir, málm, lakkað silki, gler og sáldþrykktu bómull í Stöðlakoti. Verk hennar eru öll með innbyggðu rafmagnsljósi og geta því skoðast sem lampar, þó svo að birtan sé af skornum skammti frá a.m.k. sumum verkanna. Ævintýraljósma stafar frá þessum leirlömpum sem sumir eru í formi kastala og ýmiss konar turna. Hér er um að ræða sérstaka útfærslu á kertastjakanum sem svo oft hefur verið milli handanna á leirlistarfólki. Úrlausnir Helgu er mjög athyglisverðar í því ljósi og skermarnir falla oft vel að leirverkinu, eins og í Köstulum með himni (nr. 1 og 2) og í Töfralömpum (nr. 7 og 8). Seinni töfralampinn er þó sýnu athyglisverðari fyrir það hvernig glóperan er í samræmi við viravirkid og skrautið á leirnum. Áferðin á verkum Helgu er afar lifræn og skapar skemmtilegt mótvægi gegn geometriskum glerjuðum litformum sem endurtaka sig í verkunum. Á efri hæð Stöðlakots eru síður athyglisverðir lampar með sáldþrykktum

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

skermum sem falla lítt að leirnum. Gripirnir á jarðhæðinni hafa til að bera mun meiri frumleika og útsjónarsemi og hafa ugglaut verið listakonunni meiri áskorun en lamparnir á efri hæð. Sýning Helgu í Stöðlakoti stendur til 5. nóvember.

Rammar og leirmál

Lára K. Samúelsdóttir opnaði um helgina sýningu á leirmálum og römmum í Gallerí Úmbru. Ekki veit ég hvað listakonunni gengur til með því að setja í leirramma sína tilklippar eftirprentanir mynda eftir Van Gogh og Munch, auk brota úr ævisögu þess fyrrnefnda. Hvað sem því líður þá gera þessar samklippur ekki annað en að eyðileggja fyrir þeirri leirlist sem í römmunum er fólgin. Hvort sem listakonan hefur þar verið að styðjast við verk Van Goghs og Munchs eður ei hefðu rammarnir notið sín betur stakir, líkt og eyrað nr. 13, sem þó er afskaplega utanveltu á sýningunni og úr takt við annað.

Leirmálin eru hins vegar megininntak sýningarinnar og þar kveður við annan og mun innihaldsríkari tón. Teketill nr. 25 og vasi nr. 26 eru með athyglisverðustu verkunum. Form ketilsins er í senn persónulegt og klassískt og hvað vasann áhrærir er sérstaklega athyglisvert hvernig geometriskt simynstur með glerjungi skapar ríkulega áferð. Tveir stærri vasar á gólfi, nr. 36 og 37, eru jafnframt athyglisverðir fyrir klassíska formun og litasamspil. Listakonan skyldi athuga að hlaða ekki slíkum kynstrum af verkum inn á sýningar sínar í framtíðinni. Hér hefði farið mun betur á að sleppa bæði römmum og eyra, fækka vösum nokkuð, og stilla þeim upp á stöpla eða hillur. Sýningin er því miður lítt aðgengileg og ofhlaðin.

Sýning Láru í Úmbru stendur til 15. nóvember.

Geislaplata á leiðinni:

Í aldarminningu Davíðs Stefánssonar

Í byrjun nóvember er væntanleg á markað ný geislaplata í aldarminningu Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. Það er sérstakur samstarfshópur tónlistarmanna sem gefur plötuna út. Hún inniheldur 13 ný og eldri lög við ljóð Davíðs. Spor annast dreifingu.

Meðal flytjenda eru Egill Ólafsson, Bergþór Pálsson, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Óskar Pétursson, Jóhanna Linnét, Elín Ósk Óskarsdóttir, Ólöf Kolbrún Harðardóttir, Magnús og Jóhann og Bergþóra Árnadóttir.

-bjb

Continental

BESTU

NAGLARNIR